

Símafundur GDLH 26. september 2011

Á fundinum var Oddrún Sigurðardóttir (OS), Erla Gylfadóttir (EG), Lárus Hannesar (LH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Ingibergur Árnason (IÁ) og Erlendur Árnason (EÁ).

1. Komandi aðalfundur í október.

Farið var yfir þau atriði sem snéru að n.k. aðalfundi. 14.október kl. 18:00 í húsi ÍSÍ ákveðið. OS ætlaði að bóka sal og senda auglýsingu á helstu hestamiðla og LH ætlaði að senda auglýsingu á póstlista GDLH.

Skýrsla stjórnar þarf að vera tilbúin fyrir aðalfundinn sem og þær lagabreytingar sem voru unnar á síðasta aðalfundi 2010.

2. Starfið í sumar

Rætt var um það að það væru alltaf tvær helgar á ári sem væru mjög þéttsetnar og erfiðar að raða og manna dómara á þær. Fram kom að setja þyrfti jafnvel í lög og reglur um það að hafa fasta ákveðna dagsetningu á því hvenær þurfi að vera búíð að skila inn þeim nafnalista á dómurum með réttindi. Sá listi þyrfti að vera klár 1.apríl og þeir dómara sem kæmu inn eftir þá dagsetningu yrðu jafnvel til vara. Fram koma að það þurfi að ræða betur um það form sem nú er í gangi, hvort menn vilji virkilega vinna eftir því. Þurfa að vera til fastir vinnupunktur. Þetta var rætt.

Umræða var um nýdómara/landsdómaranámskeið að hafa þau á þeim tíma sem stóru mótin fara fram, hafa þau samhliða þeim. Það myndi leysa og jafnvel bæta margt.

Lárus greindi frá því að engar kærur hefðu borist eftir sumarið.

Landsmót sumarsins rætt. SÆ ánægður með vinnu og skýrslu LM. LH taldi það hafa verið til bóta að geyma það að raða dómurum niður á flokkana, hafi komið vel út. Sagði einnig að almennt væri ósamræmi oft of mikið fyrir fet, fegurð í reið og vilja. Fundarmenn sammála um það.

Komandi LM 2012 rætt. Þar verður keppt á 2 völlum. Þýðir það að „dómarapakinn“ verður stór og enn stærri en hefur verið. Ýmsar hugmyndir komu fram hvernig best væri að leysa það. Þarf að vinna í samráði við framkvæmdaraðila LM 2012. Staðsetning dómara rædd og rætt um að halda því áfram að dæma í pörum, væri mikilvægt.

3. Hlutverkaskipting stjórnar

Fram kom að upplýsingar um stjórn GDLH og hlutverkaskipting hennar sé ekki rétt á heimasíðunni. Þessu á að breyta og laga.

Farið yfir helstu vinnu stjórnar GDLH, fundir, aðalfundir, upplýsingaflæði til dómara, röðun niður á mót ofl.

Farið yfir vinnuferli og hver tæki hvað að sér. EÁ og IÁ ætla að taka það að sér að klára þær lagabreytingar og koma í lag sem gerðar voru á sl. aðalfundi.

4. Heimasíða félagsins

Heimasíðan rædd. Þarf að uppfæra ýmislegt á henni sem verður gert.

Ritari sendir fundargerðir á OS og hún setur inn á heimasíðu.

Setja þarf einnig erlenda gæðingadómara inn á heimasíðuna og póstlistann, vantar þá alveg þar inn.

5. Önnur mál

-Næsta upprifjunarnámskeið lítillega rætt. Talað um að hafa svipað fyrirkomulag og síðast, þ.e. fyrirlestur og upprifjun. SÆ talaði um að það væri til mjög flott efni fyrir næsta upprifjunarnámskeið frá sl. LM. Þar væri flott upptaka til frá mörgum sjónarhornum.

- Vinna fyrir næsta aðalfund GDLH skipulögð. SÆ ætlar að tala við Darra Gunnarsson sem fundaritari, EGG verður ritari og OS græjar salinn og sendir út auglýsingu um fundinn.

- Rætt um samstarfið við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri með einhverskonar „dómaranámskeið“. LH, SÆ, Sigurbjörn Bárðarson, Haraldur Þórarinnsson, stjórn HÍDÍ og LBHÍ funduðu saman um þetta mál. Hugmyndin er að LBHÍ setji saman drög af námskrá sem verður svo kynnt í dómarafélögunum til að byrja með sem verður svo jafnvel vísað áfram í fræðslunefndir dómarafélaganna. Hugmyndin er að þróa þetta fyrir keppnisknappa anansvegar og dómara eingöngu hinsvegar. Þetta ferli er allt mjög opið enn sem komið er að sögn LH.

- Rætt um dómaramál og umræðu um dómara sem hefur átt sér stað undanfarið á netmiðlum og annarsstaðar. Fundarmenn sammála um að bregðast eigi við þeirri gagnrýni sem verið hefur á málefnalegan hátt og á réttum forsendum. Í framhaldi af þessu minnti OS á það sem tekið var fyrir á sl. upprifun og fyrirlestri 2010 þar sem dómara voru minntir á það að standa saman innan sem utan vallar, fannst það ekki hafa lagast. ÍÁ sagði það líka vera mikið atriði hvernig dómara tala saman og hvernig þeir komi því frá sér einnig að dómara ættu að varast það að fara í vörn frekar að útskýra okkar dóma hverju sinni.

Umræða var um að dómara eigi vissulega að standa saman en það þýði ekki endilega það að dómara eigi að vera sammála öllum niðurstöðum og vera með einhverskonar þöggun á það sem einhverjir telja að sé ekki rétt, það sé ekki vænlegt til framfara.

- EG talaði um það hvort það væri ekki kominn tími til að fara að skoða það að taka út hæstu og lægstu einkunn eins og gert er í íþróttakeppni. Með því hlyti að skapast réttari dómur og í raun betra fyrir dómara sjálfa, gæfi þeim aukinn kjark til að taka niður eða gefa vel fyrir það sem þeir sjá og finnst hveru sinni. Umræður um þetta. Á að skoða þetta mál.

- Rætt um utanaðkomandi fólk í kringum dómara, blaðamenn og ljósmyndara. Rætt um það hvort þeir ættu að vera þar, hefðu jafnvel truflandi áhrif ofl.

- Rætt um merkingu á knöpum. Oft erfitt fyrir dómara að átta sig á því hver er hvað í úrslitum. Þarf að gera kröfu um betri merkingu á knöpum.

Fundarritari , Erla G. Gylfadóttir